



27. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna var haldið á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu 13. - 14. maí 2011. Í LÍV voru 12 verzlunarmannafélög og deildir með um 33,000 félagsmenn innan sinna vébanda. Kjörbréf bárust frá öllum aðildarfélögum og deildum fyrir 74 fulltrúa og einn áheyrnarfulltrúa.

DAGSKRÁ ÞINGS

Föstudagur 13. maí

kl. 10:00 Þingfundur settur

Stefanía Magnúsdóttir, starfandi formaður LÍV
Ávarp forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnssonar
Álit kjörbréfanefndar, kosning þingforseta og ritara

Þótt á móti blási

Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri við Opna Háskólann, HR

Fyrirspurnir

Skipulagsmál

Stefán Einar Stefánsson, formaður VR
Guðbrandur Einarsson, formaður VS
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA

Umræður um skipulagsmál

kl. 12:30 Matarhlé

kl. 13:30 Hvað kostar að breyta lífeyriskerfinu ?

Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar

Fyrirspurnir

Staða og horfur í efnahags- og kjaramálum

Stefanía Magnúsdóttir, starfandi formaður LÍV
Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ
Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ
Elías G. Magnússon, sviðsstjóri kjaramáladeildar VR

Umræður um kjara- og efnahagsmál

Nefndastörf

Efnahags- og kjaramál
Skipulagsmál

kl. 17:00 Þingfulltrúum boðið til móttöku VR vegna Fyrirtækis ársins

kl. 20:00 Kvöldverður á Hilton Reykjavík Nordica hóteli í boði LÍV

Laugardagur 14. maí

kl. 10:00 Skýrsla stjórnar og reikningar LÍV
Ákvörðun um skatt til LÍV
Stefanía Magnúsdóttir, starfandi formaður
Umræður og afgreiðsla

Starfsemi starfsmenntasjóðanna og reikningar
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA
Umræður og afgreiðsla reikninga

Kynning á verkefninu námstorg.is
Páll Guðbrandsson

Kosning stjórnar

kl. 12:30 Matarhlé

kl. 13:30 Hver er samfélagsleg ábyrgð launþegahreyfingarinnar ?
Stefán Einar Stefánsson, formaður VR

Álit nefnda

Seinni umræður

Önnur mál

Þingslit eigi síðar en kl. 17:00

TILLAGA AÐ FRESTUN ÞINGS 2010

Stjórn Landssambands ísl. verzlunarmanna ásamt aðildarfélögum samþykkti þann 24. nóvember að fresta fyrri hluta þings LÍV sem boðað var þann 26. nóvember 2010, vegna alvarlegra veikinda formanns sambandsins, Ingibjargar R. Guðmundsdóttur.

Samþykkt var á stjórnarfundum í mars 2011 að 27. þing skyldi haldið dagana 13. – 14. maí 2011.

Umboð stjórnar og annarra kjörinna fulltrúa svo og framboðsfrestur framlengist samsvarandi.

Þau kjörbréf, sem send voru vegna boðaðs þings 26. nóvember s.l., gilda á aðalþingi í maí 2011, þó með þeim afbrigðum að forfallist aðalmaður eða hættir í félaginu fyrir setningu þingsins, er félaginu heimilt að kjósa nýjan aðalmann. Forfallist bæði aðal- og varamaður er félaginu heimilt að kjósa nýja fulltrúa.

ÞINGIÐ SETT

Ágætu þingfulltrúar og gestir.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar Landssambands íslenskra verzlunarmanna býð ég ykkur velkomin til þessa 27. þings sambandsins og þá sérstaklega forseta Alþýðusambandsins, Arnbjörnsson.

Við munum sinna hefðbundnum þingstörfum á þessu þingi haldið er í skugga fráfalls formanns sambandsins.

Samkvæmt lögum LÍV skal halda sambandsþing fyrir lok nóvembermánaðar á tveggja ára fresti og skal það boðað með tveggja mánaða fyrirvara. Fyrri hluta þingsins átti að halda 26. nóvember s.l. og var til þess boðað með bréfi til aðildarfélaganna þann 5. ágúst s.l.

Síðdegis hinn 24. nóvember s.l. eða rúmum sólarhring áður en þing skyldi hefjast, var ákveðið að fresta þinginu í heild sinni vegna alvarlegra veikinda formanns sambandsins.

Nýundirritaðir kjarasamningar verða áberandi á þessu þingi og umræðan um kjara- og efnahagsmál fyrirferðarmikil enda erum við enn að súpa seyðið af þeim fádæma hremmingum sem gengu yfir land og þjóð haustið 2008.

Alþýðusambandsfélögin sameinuðust í kjarasamningagerðinni í vetur og eftir langa og stranga yfirlegu þar sem ýmislegt gekk á og upp út sltnaði á báða bóga. Skrifað var þó á endanum undir samninga við Samtök atvinnulífsins þann 5. maí s.l. Frá 11. maí hefur verið opið fyrir kosningar um þá samninga – ýmist með rafrænum hætti eða póstkosningu – en kosningu lýkur þann 25. maí n.k. en skv. lögum ASÍ, sem okkur ber að fylgja, standa kosningarnar í tvær vikur.

Samningar við Félag atvinnurekenda sem áður hétu Félag íslenskra stórkaupmanna eða FÍS eins og við nefnum þá gjarnan voru undirritaðir í morgun og eru næstum eins og þeir samningar sem gerðir voru við SA.

Við höfum fengið til okkar færa fyrirlesara bæði til að fjalla um kjarasamningana og efnahagsmálin en einnig til að minna okkur á hvernig við getum tekist á við afleiðingar kreppunnar. Lífeyrismálin eru flestum hugleikin skv. niðurstöðum kjarafunda og –þinga og við gefum þeim einnig gaum. Skipulag sambandsins verður til umræðu og sitthvað fleira.



Gylfa

sem

minnst
þann

Það er mikil dagskrá sem liggur fyrir þessu þingi og er ljóst að við verðum að halda vel á til að ná að fjalla eins vel um alla þætti og nauðsynlegt er. Aðalverkefni eru þó kjara- og efnahagsmálin annars vegar og skipulag og starfshættir sambandsins hins vegar.

Við verðum að tryggja að félagsmenn aðildarféлага LÍV njóti ávallt bestu réttinda og þjónustu án tillits til þess hvar þeir búa á landinu og það stendur upp á okkur, sem hér sitjum, að vinna þannig á þessu þingi að við sköpum þá umgjörð sem þarf. Sumt er alfarið á okkar valdi og við verðum að sýna að við stöndum undir ábyrgðinni.

Styrkur verkalýðshreyfingarinnar felst í samstöðunni og það sýndi sig þegar við gengum út frá sáttasemjara 15. apríl s.l.

Það er einlæg ósk mín að samhugur og eining einkenni þetta þing og að okkur takist hér að stilla saman strengi og mynda þá samstöðu, sem er nauðsynleg til að ná árangri.

Ég lýsi 27. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna sett.

ÁVÖRP

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ óskaði þingfulltrúum velfarnaðar í störfum þingsins. Kom fram í máli hans að samningalotan undanfarið hafi reynt á þolrifin því við glímum við erfiðar aðstæður og ekki hafi verið sjálfgefið að við kæmumst í gegnum þetta. Samstaðan fleytti okkur áfram. Fengum meira út úr samningunum en margir áttu von á í upphafi þar sem tekst að tryggja almenna kaupmáttaraukningu og meiri hækkunar fyrir þá tekjulægri. Góð niðurstaða fékkst einnig í lífeyrismálum þar sem meira réttlæti mun ríkja. Almenn launahækkun telst nú hluti launakjara og það er mjög mikilvægt atriði sem nú er staðfest í samningi. Vonaði Gylfi að þessir samningar yrðu samþykktir hjá félögunum en vænta megi að við þurfum að hafa fyrir því að sjá til þess að ríkisvaldið standi við sitt fyrir 22. júní. Að mati Gylfa hefur LÍV verið sterkt og mikilvægt afl innan ASÍ.

Gylfi minntist að lokum Ingibjargar R. Guðmundsdóttur, fyrrverandi formanns LÍV, og sagði mikinn söknuð í sínu hjarta að hafa hana ekki lengur við hlið sér. Nú séu þó komnir nýir, ungir og kröftugir forystumenn til starfa í hreyfingunni og hlakki hann til að eiga samstarf við þá.

MINNING



Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður Landssambands íslenskra verzlunarmanna og fyrrverandi varaforseti Alþýðusambands Íslands, lést miðvikudaginn 24. nóvember 2010 á Landspítalanum við Hringbraut, 61 árs að aldri.

Ingibjörg starfaði lengst af hjá Flugleiðum og var kölluð þar Ingibjörg VR - það stóð meira að segja í símakerfinu! Fyrir verkalýðshreyfinguna starfaði hún í rúmlega 30 ár. Hún sat í stjórn VR í alls 14 ár frá árinu 1975 en þá var hún aðeins 26 ára gömul.

Hún var kosin formaður LÍV á þingi sambandsins árið 1989 og er eina konan sem gegnt hefur embætti formanns landssambands innan ASÍ. Ingibjörg var sæmd gullmerki LÍV og gullmerki VR.

Ingibjörg var kona sátta og lausna og leiddi hún alla kjarasamninga LÍV frá þjóðarsáttasamningunum árið 1990. Hún barðist ötullega fyrir réttindum launafólks á vinnumarkaði og voru jafnréttismálin henni ætíð ofarlega í huga. Ingibjörg leiddi Landssambandið í gegnum miklar breytingar og gegndi trúnaðarstörfum fyrir það árum saman. Hún starfaði hjá VR frá árinu 2002 samhliða formennsku LÍV og bar ábyrgð á erlendum samskiptum ásamt samskiptum við önnur sambönd og félög innan ASÍ.

Ingibjörg tók þátt í þingum Alþýðusambandsins frá því að hún tók sæti í stjórn VR. Hún sat lengi í sambandsstjórn ASÍ og var kjörin í miðstjórn og sem varaforseti árið 1992 og gegndi því embætti samtals í 14 ár en gaf ekki kost á sér aftur s.l. haust vegna veikinda.

Ingibjörg var ekki bara þess duglega baráttukona – hún var líka sprellari og elskaði að dansa. Við tókum sporið fyrir hana í kvöld um leið og við þökkum henni allt sem hún var fyrir mörg okkar hér.

Guð blessi minningu Ingibjargar R. Guðmundsdóttur.



Jóna Steinbergsdóttir, fyrrverandi formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, lést aðfaranótt 17. ágúst sl. 78 ára að aldri. Jóna var varaformaður félagsins árin 1979-1980 og formaður 1981-1998 eða í samtals 17 ár. Á aðalfundi félagsins árið 2000 var hún kosin heiðursfélagi FVSA.

Guð blessi minningu Jónu Steinbergsdóttur.

STARFSMENN ÞINGSINS

Forseti þingsins var kjörin Ásta R. Jónasdóttir, VR og varaforseti Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA.

Ritarar þingsins voru kjörin Bryndís Kjartansdóttir, VS og Árni Leósson, VR.

KJÖRBRÉFANEFND

Kjörbréfanefnd var skipuð eftirtöldum aðilum:

Guðrún Erlingsdóttir, VR, formaður

Margrét Ingbórsdóttir, VMS

Valur M. Valtýsson, VR

Formaður kjörbréfanefndar, kynnti álit nefndarinnar. Alls bárust 74 kjörbréf frá 12 verslunarmannafélögum og deildum LÍV og voru þau öll metin gild af kjörbréfanefnd ásamt beiðni um einn áheyrnarfulltrúa. Tillagan var samþykkt með handauppréttingu, með öllum greiddum atkvæðum.

NEFNDIR

Kjörnefnd

Sigurður Sigfússon, formaður

Benedikt Vilhjálmsson

Sólveig Haraldsdóttir

Kristín M. Björnsdóttir

Einar Hjartarson

Hjörtur Geirmundsson

Margrét Ingbórsdóttir

Kjara- og efnahagsnefnd

Formaður: Guðrún Erlingsdóttir

Skipulagsnefnd

Formaður: Guðbrandur Einarsson

Kjara- og efnahagsnefnd svo og skipulagsnefnd voru opnar öllum þingfulltrúum.

ERINDI

Pótt á móti blási

Framsögu flutti Guðrúnar Högnadóttur, framkvæmdastjóri við Opna Háskólann, HR.

Guðrún ræddi um lykilhlutverk liðsheilda og forgöngumanna miðað við hlutverk LÍV. Sagði við værum dálítið föst í viðjum kreppuumræðunnar og þar virtist helst vanta um að koma okkur uppúr farinu en allir verða að því verki. Ræddi um jarðveg árangurs og sagði þrjár dæmisögur í and þriggja gilda: sýn og tilgang, æðruleysi og þrautseigju.



hún að

forystu
að koma
Hún

Að eiga

Skipulagsmál

Framsögu fluttu Stefán Einar Stefánsson, Guðbrandur Einarsson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Stefán ræddi um umskiptin sem urðu við fráfall Ingibjargar R. Guðmundsdóttur og þau tímamót sem þjóðin stæði á. LÍV þyrfti að skoða sóknarfærin og það sem betur gæti tryggt hagsmuni félagsmanna sambandsins. Hann vonaðist til að hin nýja stjórn LÍV geti leitt starfið en vinna þurfi verkið sameiginlega.

Guðbrandur hrósaði Stefaníu Magnúsdóttur fyrir góð störf á mjög erfiðum tímum og klappaði allur salurinn fyrir henni er þessi orð féllu. Hann rifjaði upp sögu umræðna um skipulagsmál innan LÍV sem sýndi að við værum oft að ræða sömu málin en þurfum að aðlaga okkur að breyttum tímum. Hreyfingin væri að þróast – minna væri að verða stærra. Sagði hann að VR væri orðið risavaxið sem hefði áhrif á störf sambandsins. Ef til vill þyrfti að breyta meiru til að ná fram okkar málum. Benti hann á að félög gætu nú verið aðilar að ASÍ án þess að vera í landssambandi en reynslan af nýliðnum kjarasamningum hefur sýnt að við höfum mikið gagn af hvert öðru.

Úlfhildur sagði sambandið standa á tímamótum og að skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar væru þar ekki undanskilin. Stærð VR setji LÍV í sérstöðu. Nokkur félög hafi kosið að sameinast VR að undanfögnu en mikil skipulagsumræða væri í félögunum um allt land. Starfsumhverfi LÍV hefur verið erfitt undanfarið og þyrfti að að skilgreina hverju við viljum ná fram. Sagði Úlfhildur að LÍV væri faglegur vettvangur sameigninlegra hagsmunamála.

Miklar umræður urðu í kjölfarið m.a. um þann vanda að kosið væri um formann VR á tveggja ára fresti og hvernig það væri með formann LÍV ef hann væri jafnframt formaður VR. Rætt var um mikilvægi þess að missa ekki verslunarmenn úr verslunarmannafélögum og því ætti sameining verslunarmanna að vera við önnur verslunarmannafélög. Rifjuð var upp saga sameiningar Verslunarmannafélags Austurlands við VR en félaginu stóð til boða að sameinast AFLi. Fram kom að landsbyggðafólkið væri sterkt félagslega í LÍV.

Hvað kostar að breyta lífeyriskerfinu?

Framsögu flutti Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar

Benedikt sagði við þyrftum að setja okkur takmark og skilgreina hvernig eigi að ná því. Þyrftum að geta lifað sómasamlegu lífi af lífeyri. Ágætt markmið væri að fá c.a. 70-75% af þeim sem við höfðum því neysla minnki á lífeyrisaldri. Það hefur verið gagnrýnt að verkalýðshreyfingin skipti sér af lífeyrissjóðskerfinu og fjárfestingum þess en verðmætin í lífeyrissjóði skipta okkur öllu máli. Markmiðið nú sé að hækka iðgjaldið í áföngum í 15,5%. En þannig fáist meiri réttur ef menn lengur. Ógnir sem stöðja að réttindum okkar eru þær að meðalævi lengist og örorka vex ásamt áföllum í ávöxtun.

Hann ræddi vanda opinbera kerfisins og það skipti máli fyrir alla landsmenn hvernig það er leyst. Tók hann næst dæmi um lífeyristekjur milli giftra og ógiftra einstaklinga í bæði hinu opinbera og almenna kerfi en tekjur væri hærri hjá þeim sem væru í opinbera kerfinu. Með hækkun lífeyris er minna svigrúm til launahækkana. Fram kom að ríkið þyrfti meiri tekjur ef jafna á lífeyrisréttindi milli kerfa.

Næst voru fyrirspurnir og svaraði Benedikt spurningum m.a. um verðtryggingu, lækkun vaxtaviðmiðs, gjaldeyrishöft og ávöxtun, og möguleg gjaldmiðlaskipti.



Við okkar launum

úr 12% vinna



Staða og horfur í efnahags- og kjaramálum

Framsögu fluttu Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, Stefanía Magnúsdóttir, formaður LÍV, Magnús Norðdal, lögfræðingur ASÍ og Elías G. Magnússon, sviðsstjóri kjaramáladeildar VR.

Ólafur Darri byrjaði á því að horfa í baksýnispegilinn og fór yfir hagvaxtartölur á Íslandi frá stríðslokum sem einkennast af sveiflum en þó mest eftir hrunið 2008. Sagði hann að kaupmáttur launa hefði hrapað um 11% frá 2007 og væri kominn á svipað ról og 2003. Taldi hann tvær leiðir uppúr vandanum sem væru:

- Hægfara uppbygging – Notum krónuna og treystum á innlendar fjárfestingar – “sveltum okkur út úr vandanum”.
- Leið fjárfestinga og aukinna umsvifa í hagkerfinu – „vöxum út úr vandanum“.

Sagði hann að launamenn vilji hefja uppbyggingu til að slá niður atvinnuleysið. Leggja þyrfti grunn að varanlegum hagvexti með meiri fjárfestingum. Að lokum fór hann yfir hækkanir launa á samningstímanum og mögulega kaupmáttaraukningu. Ef það ætti að takast værum við að hefja kröftuga sókn í efnahags-, atvinnu- og kjaramálum, þetta væri langhlaup.

Stefanía kynnti nýgerða kjarasamninga við SA og sagði þá hafa verið langa vegferð. Reynt hafi á langlundargeð forystu ASÍ. Fór hún yfir prósentuhækkanir í nýgerðum kjarasamningi og hvatti félagsmenn til að samþykkja hann.

Elías ræddi um sérkröfur VR og LÍV m.a. um verndun áunnina orlofsréttinda félagsmanna ásamt uppsagnar- og veikindarétti. Starfsmannaviðtöl verða skylda, öryggi verslunarfólks sem vinnur á nóttunni, pakkalaun verði skilgreind sé þess óskað, launaflokkur fyrir yngri en 14 ára féll út en samningar miðast við 18 ára aldur. Að lokum að eftirvinna verði hækkuð á nóttunni frá 1. feb. 2013.

Magnús ræddi um sameiginleg mál í kjarasamningi. Þar kom eftirfarandi m.a. fram: bein ákvæði í kjarasamningi, sjúkrakostnaður vegna vinnuslysa, frí í stað yfirvinnu greitt út 1. maí ef viðkomandi starfsmaður á eitthvað inni, almenna launahækkun; 4,5% á regluleg laun, bannað væri að nota yfirborgun á hækkunina, veikindaréttur fyrir alla, líka ef viðkomandi þarf að fara í aðgerð. Unnið verður að samræmingu lífeyrisréttinda.

Fyrirspurnum svarað.



Hver er samfélagsleg ábyrgð launþegahreyfingarinnar?

Framsögu flutti Stefán Einar Stefánsson, formaður VR

Sagði hann að við værum farin að spyrja okkur spurninga um réttindi sem við áður fyrr töldum orðin sjálfsgöð. Taka þyrfti ákvarðanir sem snerti fólk með afgerandi hætti þar sem lífsbaráttan væri orðin harðari. Stefán fór yfir tilgang og markmið LÍV sem sýni að sambandið hafi mjög víðtæku hlutverki að gegna. Landfræðileg staða skiptir máli þar sem lágmarkstaxtar hafa meiri áhrif á landsbyggðinni. Taldi hann æskilegt að LÍV myndi gera hagsmunagreiningu en fjöldi þátta hafi áhrif á hagsmuni félagsmanna okkar. Við værum við í hálf-opinberri þjónustustarfsemi, sem byggir á lögum/kjarasamningum og verði því að gera ríkari kröfur til okkar.

Kynti Stefán Einar næst Global Compact Heimssáttmálann. 10 grunnreglur sem ætlast er til að aðilar fylgi. Yrði mikill sómi að því ef LÍV félögin kæmu að þessu starfi. Ræddi hann næst lífeyrismál og honum þætti það alvarlegt mál að ekki lægi fyrir í hvaða erlendum fyrirtækjum sé fjárfest í á vegum lífeyrissjóðanna. Sagði hann að við hefðum tækifæri til að vera fyrirmynd.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Stefanía



LÍV

Magnúsdóttir, formaður LÍV flutti skýrslu stjórnar fyrir tímabilið október 2008 – maí 2011. Lýsti hún stuttlega innihaldi skýrslunnar eftir að fundur hafði samþykkt að óparfi væri að lesa upp alla skýrsluna. Kom fram m.a. að erlent samstarf hafi orðið útundan og því þurfi að breyta.

SKÝRSLUR AÐILDARFÉLAGA

Skýrslur aðildarféлага voru teknar saman í eitt hefti ásamt skýrslu LÍV. Ýmsar fróðlegar upplýsingar um starf aðildarfélaganna kom fram í skýrslunum.

ÁRSREIKNINGAR

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir ársreikningum sambandsins fyrir árin 2008 - 2010. Komu fram ábendingar um að tölur um skrifstofu- og stjórnunarkostnað vanta fyrir árin 2009 og 2010 og voru gefnar útskýrinar á því þar sem árið 2008 hefði verið aukakostnaður utan samnings. Einnig kom fram að skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ætti ekki að vera skráður í reikningi vegna samnings við VR. Reikningarnir voru bornir upp og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

SKATTUR LÍV

Samþykktur var óbreyttur skattur til sambandsins fyrir árin 2011 og 2012, 3,25% af sama skattstofni og lög ASÍ ákveða vegna skatts ASÍ.

STARFSMENNTAMÁL

Skýrslur starfsmenntasjóðanna og reikningar

Skýrslur Starfsmenntisjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntisjóðs verslunarinnar fyrir árin 2008 og 2010 voru teknar saman í hefti ásamt ársreikningum sjóðanna Ulfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA og stjórnarmaður sjóðsins lagði fram og fór yfir ársreikninga og skýrslur fyrir árin 2008 – 2010. Sagði hún að hugmyndir væru uppi um að flýta réttindaávinnslu svo fyrstu stig vegi þyngra og að láta réttindi fynast sem reiknuðust út á laun löngu áður en sjóðurinn var stofnaður. Miklægt væri að einfalda kerfið - hætta janfvel með punktakerfið og láta einn mánuð gilda sem eina einingu – þetta er í skoðun og verður kynnt fyrir aðildarfélögunum.

Ársreikningar voru bornir upp og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

MINNINGARSÍÐA UM INGIBJÖRGU R. GUÐMUNDSDÓTTIR

Stefanía Magnúsdóttir og Páll Guðbrandsson hjá Skólavefnum, kynntu verkefni sem SVS í samvinnu við Skólavefinn hafa hafið um vefsíðuna námstorg.is í minningu Ingibjargar R. Guðmundsdóttur.

EFNAHAGS- OG KJARAMÁL

Ályktun um efnahags- og kjaramál

Sambandsþing LÍV leggur áherslu á að stöðugleika verði náð á vinnumarkaði og kjör almennings batni. Til þess að hægt sé að auka kaupmátt þurfa fyrirtæki í landinu á stöðugleika að halda. Heimili landsins geta ekki tekið á sig meiri byrðar en þau hafa nú þegar gert. Verðhækkningar koma þungt niður á heimilunum og draga úr fyrirhuguðum kjarabótum.

Þingið hvetur félagsmenn til þess að samþykkja nýgerða kjarasamninga og gerir þá kröfu til ríkisstjórnar Íslands að hún standi við þau loforð sem gefin hafa verið.

Þingið krefst þess að stjórnendur fyrirtækja haldi aftur af sér í verðhækkunum og standi við gerða kjarasamninga.”

SKIPULAGSMÁL

Ályktun um skipulagsmál

Sambandsþing LÍV telur að hagsmunum verslunarmanna sé áfram best borgið með skipulagi eins og það hefur verið frá árinu 2008. telur rétt að áfram verði leitað eftir þjónustu VR rekstur sambandsins.

Sambandsþing telur einnig rétt að áréttu vægi formannafunda eins og kveðið er á í lögum LÍV. Jafnframt verði unnið að því að fylgja eftir tillögu þingi LÍV en þar segir að „stjórn sambandsins efna til vinnufunda milli þinga og/eða formannafunda, vegna sérstakra málefna til eflingar félagslegra tengsla innan sambandsins“.

Þingið beinir þeim tilmælum til stjórnar LÍV að halda áfram athugun á skipulagi LÍV og leggja fram tillögur þar að lútandi á næsta þingi sambandsins.



óbreyttu
Þingið
við

frá 24.
skuli

TILLAGA UM ÞINGÁR

27. þing LÍV samþykkir að næsta þing verði haldið árið 2013 þar sem þing ASÍ verður haldið árið 2012

STJÓRNARKJÖR

Formaður kjörnefndar fór yfir framkvæmd kosningar í stjórn og varastjórn og tillögu kjörnefndar. Tilkynnti hann að ekkert mótframboð hafi komið til formanns og því væri Stefán Einar Stefánsson sjálfkjörinn formaður LÍV og var því fagnað með lófataki.

Tvö framboð bættust við framboð til stjórnar og var því kosið milli 8 manns um 6 stjórnarsæti í aðalstjórn. Frambjóðendur kynntu sig. Starfsmaður LÍV safnaði saman atkvæðaseðlum og voru Kristín Sigurðardóttir, Steinunn Böðvarsdóttir, Pálmey Gísladóttir og Einar Hjartarson samþykktir talningamenn. Ingibjörg Ó. Birgisdóttir og Óskar Krisjánsson náðu ekki kosningu.

Formaður: Stefán Einar Stefánsson

Aðalmenn í stjórn

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Guðbrandur Einarsson
Stefanía Magnúsdóttir
Margrét Ingbórsdóttir
Snæbjörn Sigurðarson
Páll Örn Línadal

Varamenn í stjórn

Ásta Rut Jónasdóttir
Einar Hjartarson
Guðrún Erlingsdóttir
Hjörtur Geirmundsson
Júnía Þorkelsdóttir
Valur M. Valtýsson
Kristín M. Björnsdóttir

KJÖRNEFND 28. ÞINGS

Sigurður Sigfússon
Jóhanna S. Rúnarsdóttir
Benedikt Vilhjálmsson
Kristín M. Björnsdóttir
Einar Hjartarson
Hjörtur Geirmundsson
Margét Ingbórsdóttir

Stefanía ræddi um störf sín í kjölfar veikinda Ingibjargar R. Guðmundsdóttur, fyrrverandi formanns LÍV og þakkaði hún m.a. Ástríði S. Valbjörnsdóttur fyrir dygga aðstoð. Hún sagðist vera ánægð með þingið og bauð nýkjörinn formann, Stefán Einar Stefánsson, velkominn til starfa og bað hann nú að stíga upp og taka við.

Stefán Einar þakkaði Stefaníu fyrir mikið og gott starf í þágu LÍV og afhenti henni við þetta tækifæri málverk og blómvönd í þakklætisskyni við dynjandi lófaklapp þingfulltrúa.

ÞINGLOK

Ásta Rut þakkaði þingfulltrúmm fyrir gott þing svo og starfsmanni, riturum, kjörnefnd og talningarmönnum fyrir sín störf. Þakkaði hún einnig fráfarandi stjórn fyrir störf sín og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Að því búnu sleit hún þingi.



FULLTRÚAR 27. ÞINGS LÍV Í REYKJAVÍK

Verkalýðsfélag Vesturlands

Einar O. Pálsson

Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar

Þórunn Kristinsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnur Magnússon

Stéttarfélagið Samstaða

Guðbjörg Þorleifsdóttir

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

Hjörtur Geirmundsson

Félag verslunar- og skrifstofufólks

Akureyri

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Einar Hjartarson

Eiður Stefánsson

Anna M. Elíasdóttir

Erla Bjarnadóttir

Verslunarmannafélag Húsavíkur

Snæbjörn Sigurðarson

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Jóhanna Helgadóttir

AFL, Starfsgreinafélag

Gunnhildur Imsland

Verslunarmannafélag Suðurlands

Margrét Ingbórsdóttir

Hugrún Ólafsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Guðbrandur Einarsson

Bryndís Kjartansdóttir

Sveinbjörg Sigurðardóttir

Sigrún B. Ólafsdóttir

VR

Anna Karlsdóttir

Arngrímur F. Palmason

Ásta R. Jónasdóttir

Benedikt Geirsson

Benóný V. Jakobsson

Birgir M. Guðmundsson

Bjarki Steingrímsson

Bjarni Þ. Sigurðsson

Einar M. Nikulásson

Esther J. Steinsson

Eydís Steinþórsdóttir

Guðmundur J. Jónsson

Guðrún Erlingsdóttir

Guðrún H. Tómasdóttir

Guðrún Indriðadóttir

Guðrún J. Ólafsdóttir

Guðrún Jóhannsdóttir

Guðrún M. Jóhannsdóttir

Hildur Mósesdóttir

Hreinn Sigmarsson

Inga Jóhannsdóttir

Ingibjörg Finnbogadóttir

Ingibjörg Ó. Birgisdóttir

Ingimar Þorsteinsson

Jóhann Ó. Þórólfsson

Jóhanna S. Rúnarsdóttir

Jón I. Kristjánsson

Júlíana Pálsdóttir

Kristinn Ö. Jóhannesson

Kristín M. Björnsdóttir

Ólafur R. Gunnarsson

Óskar Kristjánsson

Páll Örn Líndal

Pálmey H. Gísladóttir

Petrína R. Pétursdóttir

Ragnar Engilbertsson

Sigurður Sigfússon

Stefanía Magnúsdóttir

Stefán Einar Stefánsson

Stefán V. Egilsson

Steinþór Ásgeirsson

Sveinbjörn F. Pétursson

Sæmundur K. Jóhannesson

Trausti Guðmundsson

Unnur E. Arnardóttir

Valur M. Valtýsson

Valva Árnadóttir

Þorsteinn Þórólfsson

Þórhildur R. Karlsdóttir

Þröstur Valgarðsson

Áheyrnafulltrúi

Framsýn stéttarfélag

Hafliði Jósteinsson

